

Mikill hugur í konum

*Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Þróttmikill og góður landsfundur.
Líkur á framboði í sex kjördæmum.*

Petta var ákaflega þróttmikill og góður landsfundur og það var mikill hugur í konum sem fjölmenntu af öllu landinu, sagði Sigríður Dúna Kristmundsdóttir þingmaður Kvennalistans í samtali við blaðið, en landsfundur Kvennalistans lauk á sunnudag.

Ákveðið hefur verið að bjóða fram í Reykjavík, Reykjanesi og á Vesturlandi en listauppröðun fer að öllum líkindum ekki fram fyrir en með skoðanakönnunum að lokinni gerð stefnuskrár í janúar. Að sögn Sigríðar Dúnu er mikill hugur í konum í

Suðurlands- og Austurlandskjördæmum og Norðurlandskjördæmi eystra að bjóða fram en lokaákvörðun hefur ekki verið tekin.

„Skóðanakannanir í tveimur umferðum hafa reynst okkur mjög vel við val á lista“, sagði Sigríður Dúna. „Eins og fyrri daginn þá eru það málefni sem skipta mestu hjá Kvennalistanum en ekki þær persónur sem bera þau fram. Prófkjörbarátta stjórn málaflökkanna undanfarnar vikur hefur sýnt okkur að það eru ekki málefni sem skipta höfuðmáli hjá þeim heldur eigin

persónur einstakra manna. Slíkt kann ekki góðri lukku að stýra í málefnum lands og þjóðar.“

Tvær ályktanir voru gerðar á landsfundinum, önnur um launa- og kjaramál, hin um aðbúnað barna í landinu. Í þeirri fyrri nefndu segir meðal annars að kjör og laun kvenna í landinu séu þjóðarskömm, sem verði að ráða bót á með sameiginlegu átaki allra landsmanna. Þá er lagt til að samþykktar verði þær tillögur sem liggja fyrir Alþingi um lágmarkslaun og endurmat á störfum kvenna.

-vd.